

Föstudaginn 29. mars 1996.

Nr. 1/1996.

**Blaðamannafélag Íslands
f.h. félagsmanna sinna á
fréttastofu Stöðvar 2**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Íslenska útvarpsfélaginu hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kjarasamningur. Frídagur. Yfirvinna.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. þ.m., var höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 13. febrúar sl.

Stefnandi er Blaðamannafélag Íslands, kt. 690372-0109, Síðumúla 23, Reykjavík, f.h. félagsmanna sinna á fréttastofu Stöðvar 2, Lynghalsi 5, Reykjavík.

Stefndi er Íslenska útvarpsfélagið hf., kt. 500685-0269, Lynghalsi 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að dæmt verði, að félagsmenn stefnanda á fréttastofu Stöðvar 2 geti krafðið stefnda um greiðslu stórhátíðarálags samkvæmt fyrri hluta b-liðs 5. gr. vinnusamnings frá 13. maí 1991, það er um 8 vinnustundir í yfirvinnu, falli frídagur samkvæmt vaktatöflu á stórhátíðardag, frá mánudegi til föstudags á hverjum tíma.
2. Að dæmt verði, að stefnda sé óheimilt að ákveða einhliða að greiða stórhátíðarálag samkvæmt ofangreindu samningsákvæði, með frídögum.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að þann 13. maí 1991 hafi félagsmenn stefnanda á fréttastofu Stöðvar 2 gert samning við vinnu-

veitanda sinn um fyrirkomulag ýmissa launaþátta. Meðal annars hafi verið samið um svokallað stórhátíðaálag og sé fyrirkomulag þess að finna í 5. gr. samningsins. Samningur þessi sé enn í gildi milli málsaðila, en risið hafi upp ágreiningur um túlkun á fyrri hluta b-liðs 5. gr. samningsins sem hljóðar svo:

„b. að falli frídagur skv. vaktatöflu á stórhátíðardag frá mánudegi til föstudags skal hann bættur með öðrum frídegi eða greiðslu 8 stunda í yfirvinnu. . .“

Stefnandi heldur því fram, að frá því að samningur þessi var gerður og fram til páska á árinu 1995 hafi samningsákvæði þetta verið framkvæmt á þann hátt, að viðkomandi launþegum hafi undantekningalaust verið greitt með peningagreiðslu, þ.e. 8 stundir í yfirvinnu fyrir hvern einstakan frídag á tilgreindu tímabili. Aldrei hafi verið greitt með frídegi eins og ákvæðið geri þó ráð fyrir samhliða og að launþegar hafi túlkað þetta ákvæði svo að þeir ættu rétt á greiðslum kysu þeir svo.

Síðan hafi það gerst, að á páskum 1995 hafi stefndi einhliða ákveðið að breyta fyrirkomulagi þessu og greiða viðkomandi einungis með frídögum. Þessu hafi starfsmenn mótmælt og gert ráð fyrir að stefndi myndi leiðrétta síðar og jafnframt sjá til þess að þetta kæmi ekki fyrir aftur. Ekki hafi það þó gengið eftir og þetta verið endurtekið á síðustu jólum.

Ítrekað hafi verið reynt að knýja fram leiðréttingu á meintri mistúlkun stefnda á umdeildu kjarasamningsákvæði, en allt hafi komið fyrir ekki. Stefnandi hafi m.a. bent stefnda á að félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands, sem starfa hjá Stöð 2 og njóti sambærilegra kjaraákvæða, fái greiddar yfirvinnustundir vegna frídaga á stórhátíðum en engar skýringar hafi fengist á meintri mismunun. Í raun hafi engar skýringar fengist á framferði stefnda aðrar en þær að Rafiðnaðarsamband Íslands túlkaði umdeilt ákvæði á einhvern tiltekinn máta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því, að fullt samkomulag hafi verið milli málsaðila frá undirritun samnings þann 13. maí 1991 fram til páska á árinu 1995 um að félagsmenn stefnanda hjá Stöð 2 ættu rétt á yfirvinnugreiðslu, kysu þeir svo, þ.e. ef fyrri hluti b-liðs 5. gr. ætti við. Stefnandi lítur svo á, að túlkun þessi hafi fest sig í sessi og skapað

venju og jafnframt að ekki nægi að annar samningsaðilinn skipti um skoðun löngu síðar.

Stefnandi byggir á því, að útlokað sé að túlka fyrri hluta b-liðs 5. gr. samningsins öðru vísi en svo, en að viðkomandi starfsmaður geti ráðið því sjálfur hvort greitt sé með peningum eða frídögum. Hann telur, að ef vinnuveitandi hefði átt að ráða því einhliða, þá hefði það þurft að koma fram í ákvæðinu sjálfu á óyggjandi hátt.

Að lokum byggir stefnandi á því, að starfsmönnum á Stöð 2 sé mismunað varðandi umdeilt kjarasamningsákvæði. Hann segir, að félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands sem vinna á Stöð 2, sem njóti sömu kjara, ráði því sjálfir hvort greitt sé með peningum eða frídögum. Fyrirkomulagi gagnvart þeim hafi ekki verið breytt, einungis gagnvart félagsmönnum stefnanda á þessum vinnustað. Stefnandi telur mismunun þessa brot á jafnræðisreglunni, því ólöglegt sé að túlka sama samningsákvæði mismunandi eftir því hver samningsaðilinn sé. Stefnandi telur með öðrum orðum, að grundvallaratriði sé, að félagsmenn stefnanda njóti a.m.k. sömu túlkunar á sama kjarasamningsákvæðinu og aðrir launþegar á sama vinnustað.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveður hið umdeilda ákvæði b-liðar 5. gr. samnings aðila vera sótt í kjarasamning Rafiðnaðarsambands Íslands og viðsemjenda þeirra. Hjá forsvarsmönnum Rafiðnaðarsambandsins sé sá skilningur á ákvæði þessu að starfsmaðurinn eigi fyrst og síðast rétt til þess að fá annan frídag þegar svo ber undir, sem í ákvæðinu er lýst. Geti vinnuveitandinn ekki orðið við því skuli hann bæta frídaginn með launum sem svari til átta stunda yfirvinnukaups.

Ákvæði þetta sé ekki valkvætt fyrir þá starfsmenn stefnda sem lúta ákvæðinu, heldur feli það í sér sérstaka skyldu stefnda til þess að greiða starfsmönnum sínum átta stunda yfirvinnukaup, geti hann ekki séð til þess að þeir fái notið umsaminna eða lögboðinna frídaga. Ákvæðið feli ekki í sér neina launaþppbót til starfsmanna stefnda.

Allur gangur hafi verið á því hjá stefnda bæði gagnvart félagsmönnum í Rafiðnaðarsambandinu og eins fréttamönnum hvort þeir hafi fengið greitt eða fengið auka frídaga. Vegna fámennis hafi það þó líklega oftar komið fyrir að fréttamönnum og tæknimönnum hafi verið greitt fyrir að taka ekki umsamda frídaga. Slíkt ráðslag kveður stefndi aldrei geta skapað neina venju eða orðið til þess að starfs-

menn hans fái val um það hvort þeir vinni í samningsbundnum fríum og fái aukagreiðslu fyrir eða taki sér frí.

Við endurskipulagningu á starfsemi fréttastofunnar hafi það gerst að stefndi hafi getað komið því í kring að starfsmenn hans nytu frídaga sinna.

Stefndi hafnar alfarið því sjónarmiði stefnanda að framkvæmd þessa ákvæðis hjá honum hafi skapað starfsmönnum rétt til að fá launagreiðslur í stað umsamins frís. Slíkt sé andstætt öllum hugmyndum í vinnurétti nútímans, sem gangi út á það að launafólk verði ekki látið vinnu yfirvinnu eða á umsömdum frídögum, nema um slíkt sé fullt samkomulag milli vinnuveitanda og starfsmanna hans.

Varðandi lagarök vísar stefndi til almennra reglna samninga og vinnuréttar. Varðandi málskostnaðarkröfu er vísað til 129. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Við skýringu á hinu umdeilda samningsákvæði er fyrst til þess að líta að greiðsla launa og launaígilda er ein af skyldum vinnuveitanda. Eðlilegt er að sá, sem á þess kost að fullnægja skyldu sinni með tvennum hætti, eigi val um hvorn háttinn hann kýs. Þessari niðurstöðu kann gagnstæð venja að breyta. Framkvæmd, sem verið hefur undantekningalaus um árabíl frá samningsgerð og ætla má að launagreiðandi hafi talið sér skylt að hlíta, getur skapað launþega rétt og verður launagreiðandi þá bundinn af henni uns samningstímabilinu lýkur. Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sýnt fram á slíka venju í vinnusambandi aðila og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska útvarpsfélagið hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Bláðamannafélags Íslands f.h. félagsmanna sinna á fréttastofu Stöðvar 2, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
